

Áhættustýring lífeyrissjóða – aðlögun að nýju regluverki

Agni Ásgeirsson
formaður áhættunefndar LL og
forstöðumaður áhættustýringar LSR

Efni fyrirlesturs

1. Saga formlegrar áhættustýringar
2. Lagabreytingar 2016
3. Reglugerð 590/2017
4. Framkvæmd nýja regluverksins
5. Hvað er áhættustýring annars?



1. Saga formlegrar áhættustýringar lífeyrissjóða

- Áhættustýring hefur alltaf verið hluti af rekstri lífeyrissjóða. Hefur orðið formlegri undanfarin ár.
- 2011: Leiðbeinandi tilmæli FME 4/2011
 - Innleiddi álagspróf lífeyrissjóða
 - 2012: Lífeyrissjóðir byrja auglýsa stöður áhættustjóra, fyrstu hefja störf 2013. Núna hafa 19 af 21 sjóði innan LL sérstaka stöðu áhættustjóra. Prettán áhættustjórar alls.
- 2013: Leiðbeinandi tilmæli FME 1/2013
- 2017: Breytt lög um lífeyrissjóði taka gildi, áhættustýring formgerð, veitir reglugerðarheimild vegna áhættustýringar.
- 2017: Reglugerð 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða sett.
- 2018: Áhættunefnd LL stofnuð formlega.



2. Lagabreytingar, það sem var fellt úr lögnum.

Út fara eftirfarandi setningar sem mest tengdust áhættustýringu (hugtakið áhættustýring kom hvergi fyrir):

*20. gr: Starfsemi lífeyrissjóðs skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. ~~Iðgjöld og annað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs skal ávaxta sameiginlega með innlánnum í bönkum og sparisjóðum eða í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli **áhættudreifingar** samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.~~*

...

*35. gr: ...9. ~~að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra **áhættu** í starfsemi sjóðsins.~~*



2. Lagabreytingar, áhættustýring og ábyrgðaraðili þess skilgreint í nýrri grein, 35. gr. a

Lífeyrissjóður skal tilnefna starfsmann hjá sjóðnum til að bera ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu og skal tilnefningin tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Láti sá starfsmaður af störfum skal það jafnframt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Ábyrgðaraðila áhættustýringar verður hvorki sagt upp störfum né hann færður til í starfi nema að fengnu samþykki stjórnar.

Áhættustýring lífeyrissjóðs skal vera óháð öðrum starfseiningum sjóðsins. Lífeyrissjóður skal tryggja að áhættustýring hafi nægilegt fjármagn og heimildir, m.a. til þess að afla gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru í starfsemi áhættustýringar. Tryggt skal að ábyrgðaraðili áhættustýringar hafi milliliðalausán aðgang að stjórn lífeyrissjóðs.

Sé ekki unnt að tryggja aðskilnað starfa, sökum smæðar lífeyrissjóðs, skal lífeyrissjóðurinn sjá til þess að innra eftirlit sé nægilega ítarlegt til að lágmarka líkur á hagsmunarárekstrum.



2. Lagabreytingar, um framkvæmd áhættustýringar í 36. gr. e.)

Lífeyrissjóður skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggju eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Hjá lífeyrissjóði skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar sem gera honum kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Innri ferlar skulu endurskoðaðir reglulega.

Áhættustýring skal taka virkan þátt í mótun áhættustefnu lífeyrissjóðs og hafa aðkomu að viðameiri ákvörðunum um áhættustýringu. Áhættustýringu skal gert viðvart um öll meiri háttar eða óvenjuleg viðskipti lífeyrissjóðs áður en þau fara fram.

Lífeyrissjóður skal, a.m.k. árlega og í hvert sinn þegar mikil breyting verður á áhættusniði hans, framkvæma eigið áhættumat. Í áhættumatinu skal horft til helstu áhættuþátta sem greindir hafa verið í starfsemi lífeyrissjóðsins, möguleg áhrif þeirra metin og greint frá þeim aðgerðum sem lífeyrissjóðurinn hyggst grípa til ef áhætta raungerist. Skýrsla um framangreint áhættumat skal kynnt stjórn og henni skal skilað til Fjármálaeftirlitsins.



2. Lagabreytingar, 39.gr. e.): Reglugerðarheimild

Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um form og efni fjárfestingarstefnu, úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar og framkvæmd áhættustýringar, m.a. um umfang hennar í hlutfalli við stærð lífeyrissjóðs, stöðu þeirra sem stýra áhættu í skipuriti lífeyrissjóðs, útvistun áhættustýringar, áhættumat og skýrslugjöf.



3. Reglugerð 590/2017, ábyrgðir

Reglugerð 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða kemur að öllum líkindum í stað leiðbeinandi tilmæla FME 1-2013 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða.

Hlutverk stjórnar, framkvæmdastjóra og ábyrgðaraðila áhættustýringar.

Stjórn lífeyrissjóðs skal gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgir starfsemi sjóðsins og ber ábyrgð á að móta tryggt eftirlitskerfi með starfseminni. Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs skulu stuðla að góðum stjórnarháttum og leggja áherslu á mikilvægi áhættustýringar og innra eftirlits innan lífeyrissjóðs. Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu.



3. Reglugerð 590/2017, stefnur og eftirlitskerfi

Skilgreinir m.a. eftirfarandi:

- Stjórn lífeyrissjóðs skal setja áhættustefnu.
- Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á starfssviði áhættustýringar. Starfssvið áhættustýringar skal heyra undir framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs, vera sjálfstætt og óháð öðrum starfseiningum.
- Lífeyrissjóður skal setja sér áhættustýringarstefnu að fengnum tillögum ábyrgðaraðila áhættustýringar.

Um eftirlitskerfi:

Eftirlitskerfi lífeyrissjóðs skal skipulagt þannig að lífeyrissjóður meti áhættu með áreiðanlegum hætti og að sjóðurinn þoli þá áhættu sem hann er reiðubúinn að taka.



3. Reglugerð 590/2017, starfsvið áhættustýringar

Starfssvið áhættustýringar skal fylgjast daglega með fylgni lífeyrissjóðsins við fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir. Verði frávik frá fjárfestingarstefnu eða fjárfestingarheimildum skal starfssvið áhættustýringar tilkynna eignastýringu og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins án tafar um frávikið.

Starfssvið áhættustýringar lífeyrissjóðs skal jafnframt að lágmarki:

- 1. aðstoða stjórn og stjórnendur að þróa og viðhalda skilvirku eftirlitskerfi fyrir áhættu í rekstri lífeyrissjóðsins,*
- 2. vera hæfilegt að stærð miðað við eðli og umfang lífeyrissjóðsins,*
- 3. vera mannað starfsfólki sem hefur skýrt skilgreind hlutverk og hefur yfir að ráða viðeigandi reynslu og hæfni til að sinna störfum sínum á fullnægjandi hátt,*
- 4. hafa óheftan aðgang að stjórn, undirnefndum stjórnar, gögnum, tölvukerfum og starfsfólki sem þörf er á til að sinna eftirliti og skýrslugjöf á fullnægjandi hátt, og*
- 5. tilkynna stjórn um öll frávik sem hafa áhrif á rekstur lífeyrissjóðsins.*



3. Reglugerð 590/2017, eigið áhættumat

Stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á að eigið áhættumat sé framkvæmt a.m.k. árlega og hvenær sem verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins, sem tekur mið af eðli og umfangi sjóðsins. Lífeyrissjóður skal þróa verkferla og verklag við áhættumatið, þar sem m.a. eru skilgreind hlutverk þeirra sem koma að matinu. Eigið áhættumat skal taka tillit til allra viðeigandi áhættuþátta, vera framsýnt og í samræmi við rekstur og stefnur lífeyrissjóðsins.

Þegar eigið áhættumat hefur verið kynnt stjórn lífeyrissjóðs skal kynna niðurstöður fyrir viðeigandi starfsmönnum ásamt þeim ályktunum sem draga má af ferlinu. **Stjórn lífeyrissjóðs skal móta framkvæmd áhættumats, ræða niðurstöður á gagnrýninn hátt og rýna hvort áhættustefna og fjárfestingarstefna séu viðeigandi.**

Lífeyrissjóður skal taka tillit til niðurstöðu eigin áhættumats í störfum sínum svo sem við ákvarðanatöku og við gerð áhættustefnu og fjárfestingarstefnu.



3. Reglugerð 590/2017, skýrsla um eigið áhættumat

Eigi síðar en 30. júní ár hvert sendir lífeyrissjóður Fjármálaeftirlitinu eintak af skýrslu um eigið áhættumat. Skýrslan skal að lágmarki innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1. greiningu á helstu áhættuþáttum í starfsemi lífeyrissjóðsins,
2. lýsingu á aðferðum og forsendum sem notaðar voru við matið,
- 3. sviðsmyndir og álagspróf sem sjóðurinn framkvæmdi,**
4. aðgerðir sem lífeyrissjóðurinn hyggst grípa til ef áhætta raungerist,
5. hvernig niðurstöður eru notaðar í daglegri starfsemi lífeyrissjóðsins, svo sem ákvarðanatöku og endurskoðun á áhættustefnu og fjárfestingarstefnu.

Telji lífeyrissjóður að frávik kalli ekki á aðgerðir skal greina sérstaklega frá því.



4. Framkvæmd nýja regluverksins

- Mismunandi eftir sjóðum. Fór m.a. Eftir því hvernig áhættustefnan var fyrir breytinguna.
- Hvað varðar LSR, þá var sjóðurinn vel undirbúinn. Þurfti ekki að breyta miklu af því sem fyrir var.
- Eigið áhættumat nýtt hjá öllum.



4. Framkvæmd nýja regluverksins, eigið áhættumat

- FME gaf út Leiðbeiningar vegna eigin áhættumats. Lífeyrissjóða í janúar 2018.
- Skýrði í raun ekki mikið, vilji FME að sjóðir geri sínar sviðsmyndir og álagspróf sem þeir telja mikilvægar.
 - *Aðferðir sem eru notaðar við mat á áhættum í starfsemi og stöðu sjóðsins geta verið allt frá einföldum álagsprófum yfir í flóknari líkön og skal það metið út frá eðli, umfangi og áhættu sem um ræðir hjá hverjum sjóði og þeirra deilda sem matið nær til. Umfang eigin áhættumats er tilgreint í 10.gr. reglugerðar nr. 590/2017 en þar er talið upp umfang áhættumatsins að lágmarki. Hins vegar þarf hver og einn lífeyrissjóður að meta umfangið umfram þær kröfur eftir eðli starfsemi sinnar.*



4. Framkvæmd nýja regluverksins, áhættumat LSR

Viðbrögð FME við eigið áhættumati LSR 2018 voru aðallega að leggja áherslu á aðkomu stjórnar að mótun eigin áhættumats og greiningu niðurstaðna þess.

Vegna eigin áhættumats LSR 2019, þá var stofnaður vinnuhópur starfsmanna og stjórnar. Í honum sitja Framkvæmdarstjóri, áhættustjóri og 2 fulltrúar stjórnar.



5. Hvað er áhættustýring lífeyrissjóðs annars?

- Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar (5+ ár).
- Auðvelt að tala um hugtök s.s. Áhættumælikvarða. áhættuþol og áhættusækni.
- Erfiðara að setja fram sem mælanleg markmið fyrir langtímafjárfesta.
 - Tölulegir áhættumælikvarðar jafnan gildir í skamman tíma.
 - Staðalfrávik og fylgni geta breytast hratt, og ekki nothæfar sem langtímamælikvarðar.
- Langtímaáhætta því ómælanleg.
- Mikilvægasta hlutverk áhættustýringar er að tryggja að áhættan sem verið er að taka sé öllum ljós!





Takk fyrir!